Fullgild rafræn undirskrift
ODDUR GUNNAR JÓNSSON
2026-04-22 14:13:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2026-04-22 14:39:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR
2026-05-06 08:46:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fundargerð

Þriðjudaginn 17. mars 2026 klukkan 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Þórir Ólafsson formaður, Rósa Steingrímsdóttir og Oddur Gunnar Jónsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes Á. Jóhannesson, áheyrnarfulltrúi og starfsmenn innviðaráðuneytisins þeir Árni Sverrir Hafsteinsson og Elmar Björnsson sem ritaði fundargerð.

Fundargögn

- Dagskrá fundar 17. mars
- Drög að 436. fundargerð EFS 28.1.2026
- Drög að 437. fundargerð EFS 11.2.2026
- Fjárhagsáætlun Standabyggðar 2026-2028
- Greinargerð Strandabyggðar með fjárhagsáætlun
- Lykiltölur Strandabyggðar

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 436 frá 28.1.2026 var samþykkt. Ákveðið var að fresta samþykkt fundargerðar 437 frá 11.2.2026 þar til á næsta fundi.

2. Fundur með sveitarstjórn Strandabyggðar

Sveitarstjórn Strandabyggðar óskaði í febrúar eftir fjarfundi með EFS til þess að fara yfir fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árin 2026-2028 er gert ráð fyrir því að skuldaviðmið sveitarfélagsins fari yfir 150% lögbundið hámark árin 2027 og 2028.

Fundurinn hófst með því að Þorgeir Pálsson, sveitarstóri Strandabyggðar, fór yfir stöðuna. Fram kom í máli hans að aukna skuldasöfnun megi að stórum hluta rekja til uppbyggingar á grunn- og leikskólum sveitarfélagsins. Heildarkostnaður þeirra framkvæmda hefur numið um 500 m.kr. Áætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir að fjárfestingaþörf sveitarfélagsins verði um 150-200 milljónir árlega næstu 5 árin.

EFS vakti athygli á umtalsverðum frávikum milli fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2025 og útkomuspár. Einnig var verulegur munur á þeirri áætlun sem gerð var fyrir árið 2024 og rauntölum. Hvort tveggja bendi til óáreiðanleika í gerð áætlana. Nefndin benti jafnframt á að liðurinn annar rekstrarkostnaður sé að lækka talsvert milli ára. Forsvarsmenn sveitarfélagsins skýrðu verri afkomu en áætlanir gerðu ráð fyrir með samspili nokkurra þátta. Launakostnaður hafi reynst hærri en áætlað var og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið lægri.

Lækkun annars rekstrarkostnaðar er einkum rakinn til þess að orkukostnaður var óvenjuhár síðustu tvö ár og þurfi m.a. að kynda sundlaugina og grunnskóla með díselólíu. Ekki er gert ráð fyrir sambærilegum kostnaði á næstu árum.

Að lokum kom fram að nýlega hafi verið gerður viðauki við fjárhagsáætlun sem bætir stöðuna að einhverju marki. Nefndin óskaði eftir því að fá gögn um uppfærða fjárhagsáætlun, sem og sundurliðun eftir málaflokkum og mun hún fara betur yfir forsendur áætlunarinnar á næsta fundi.

Fundi slitið klukkan 11:14. Næsti fundur er samkvæmt boðaðri dagskrá.